

Nokkur orð um efni til tréskurðar

Höfundur textans, Martin Turner útskurðarmeistari, var eitt sinn spurður af því af hverju hann hefði valið sé viðinn sem efnið til að vinna úr. Hann svaraði því til að viður væri yndislegt efni til að vinna með. Það væri lifandi og því stundum töfrum líkast hvað manni tækist að skapa út því. Það hefði einstaka eiginleika þegar verði væri að gera skúlptúra sem önnur efni byggju ekki yfir. Vissulega væri það oft ögrandi viðfangsefni að glíma við viðinn en það væri lítil fórn miðað við þá einstöku útkomu sem hann byði uppá.



Minnismerki við Tvíbura- turnana í New York sem Martin Turner var beðinn um að gera.

LIME

Linditréð hefur verið mjög vinsælt efni til tréskurðar. Það er mjúkt og því gott til að skera út myndir og ýmis munstur þar sem æðarnar eru ekki mjög áberandi. Lindin er kremlituð en dökkar með tímanum.

SYCAMORE

Mjóberja- eða fíkjutréð er ljósara að lit en lindin og heldur litnum mun lengur en hún. Það er sterkara í sér og því ekki eins gott ef skera á smáatriði í myndefnið. Það getur flísast (brotnað) auðveldlega.

CHERRY

Kisuberjatréð og önnur ávaxtatré eru góð til tréskurðar. Þau geta þó reynst harður viður sem hætt er við að kloffni eða flísist.

MAHOGANY

Mahóní er alltaf vinsæll efniviður fyrir tréskurð. Talið er að besta mahóníð komi frá Spáni, Kúbu eða Suður Ameríku.

Rétt er að benda á að það hafa margir hér á landi verið hrifnir af því að skera í íslenska birkið. Að lokum má nefna eikina og ýmsan annan við sem gaman getur verið að gíma við.

Theodór Þorvaldsson þýddi og staðfærði.

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
8. tbl. 14. árgangur 2009

Frá formanni



Aðalfundur FÁT var haldinn 14. nóvember sl. Ekki er hægt að segja að hann hafi verið fjölmennur en rædd voru ýmis mál sem gott er að geta hér.

Fundarmenn voru ánægðir með teikningar sem lagðar voru fram á opna húsinu um aska en ræddu um almennann skort á teikningum. Einnig virðist vera erfitt að fá við til tréskurðar. Stjórn var beðin um að kanna þau mál hjá helstu innflytjendum timburs.


Umræða var um innheimtu félagsgjalda og kostnað vegna þess og eins útgjöld vegna dreifingar á Bryninu. Stjórnin fékk umboð til að leita leiða svo ná megi þessum kostnaði niður m.a. með því að bjóða upp á Brynið í netsendingu til félagsmanna (þeirra sem þess óska) og eins að senda ekki út greiðsluseðil heldur láta félagsgjaldið birtast í heimabanka. Formaður hefur m.a. brugðist við þessu með því að óska eftir netföngum.

Hugmynd kom um að hafa nokkur kvöld í vetur sem vinnufundi þar sem félagsmenn koma og vinna saman en þó hver með sín verk. Stjórnin mun kanna þetta og reiknað er með að þetta verði prófað í vetur.

Vorsýning er fyrirhuguð í apríl og hugmynd um að hafa þar Hannes Flosason sem gestasýnanda. Sýningin er eftir sem áður opin fyrir skurðverk allra félagsmanna. Fram kom áhugi á að fá erlenda leiðbeinendur og mun stjórnin kanna möguleika á slíku.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru en ljóst að margt er framundan.

Nóg að sinni, sjáumst á opnu húsi í jólaskepi
Með bestu kveðjum, Sigurjón



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Pósthólf nr. 6, 270 Mosfellsbæ
Netfang: silo@mmedia.is

Heimasíða: <http://www.listalind.is/treskurdur>

Ritstjórn er stjórn félagsins Ábm. Björn Bergsson

Guðmundur Böðvarsson skáld og tréskeri

Guðmundar Böðvarssonar fæddist að Kirkjubóli í Hvítársíðu í Borgarfirði 1. september 1904 og bjó þar mestalla ævi sína. Hann lést tæplega sjötugur, 3. apríl 1974. Kristinn E. Andrésson sagði m.a. um hann að hann væri „eitt af ævintýrunum í íslenskum bókmenntum“, nánast óskólagenginn sveitatrákur sem skipaði sér á fremsta bekk íslenskra skálda á 20. öld. Hann var eins og sagt var gagnlegur maður í sinni sveit. Ekki var hann aðeins góður bóndi og vel liðtækur til þeirrar vinnu sem til féll í sveitinni. Þá gegndi hann ýmsum trúnaðarstörfum fyrir heimabyggð sína; sat til dæmis mörg ár í hreppsnefnd í Hvítársíðu og var í nokkur ár formaður skólanefndar Reykholtsskóla. Hitt vita ef til vill færri að hann var hagleiksmaður mikill, skar út og smíðaði allmikið af búsáhöldum sínum sjálfur.



Byggðasafn Borgarfjarðar fékk dánarbú Guðmundar að gjöf frá erfingjum skáldsins og eru þar mörg skurðverk eftir skáldið.

Á aldarafmæli skáldsins þann 1. september 2004 stóð Safnahús Borgarfjarðar fyrir sýningu til heiðurs þessum ástkæra listamanni.

Í viðtalsbók Guðrúnar Guðlaugsdóttur við Jón Böðvarsson sem er nýtkomin segir Jón m.a. eftirfarandi sögu: Jón hafði skroppið í sjoppuna Gosa á Skólavörðustígnum sem unglíngur að kaupa



sér kók og kókosbollu. Það sá hann lágvaxinn mann með alpahúfu í gráum rykfrakka að gæða sér á þessum kræsingum. Jón leit manninn rannsóknaraugum (enda upprennandi íslenskufræðingur) og sagði „Ansi ertu líkur Guðmundi Böðvarssyni“ (sem hann hafði séð mynd af). „Von er“ svaraði maðurinn, “ég er Guðmundur Böðvarsson“. Jón segist ekki hafa verið sáttur við þetta svar. Hann þekkti vel til verka Guðmundar og taldi að slíkur maður myndi ekki lítillækka sig með því að neyta svona sjoppufæðis.

Björn Bergsson tók saman



Opið hús 12. desember

að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði (iðnaðarbil beint fyrir aftan Fjarðarkaup) kl. 10 til 12

Opið hús með jól sem meginþema. Hugmyndin er að félagar geri jólatengt skurðverk. Efniviður verður til staðar. Æskilegt að félagar og gestir komi með tálguhnífa en einnig verða hnífar á staðnum.

Félagsmenn eru hvattir til að koma með skurðverk er tengjast jólum.

Kaffi og meðlæti. **(Janúar opna húsið verður um brýningar!)**

Félagi góður!

Ef þú lumar á hugmynd, teikningum eða hefur áhuga á að taka þátt í verkefnum félagsins væri gott að vita af þér. Alltaf er þörf á teikningum, myndum og frásögnum fyrir Brýnið og eins til að setja á heimasíðuna.